# Landamerkjaskjöl 1270-1887

Aðfnr. 56, örk 29

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

1703 — 1887

1. Dómar og sköl er snerta landamerki Sels, Bráðræðis og Reykjavíkur.
2. Áreið á landamerki Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps (vesturmörk) 1879, og ýmis skjöl er það mál snerta.
3. Eignarréttur Reykjavíkurkirkju á Seli (dómar + skjöl)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

# Eptirrit
## úr dómabók landsyfirrjettarins
## 1849

Sama dag (mánudaginn 23. júlí) var afsagður svolátandi

## Dómur

í málinu No 7/1849: Sýslumaður Th. Guðmundsen skipaður sækjandi vegna Reykjavíkur dómkyrkjukalls
gegn
Jóni Jónssyni prentara í Reykjavík.

Eptir landsyfirrjettarstefnu frá 9. marz í ár áfrýjar sækjandinn, sýslumaður og hjeraðsdómari Th. Guðmundsen, eptir stiptamtsskipun og að fenginni gjafsókn, dómi gengnum við Reykjavíkur bæjarþingsrjett þann 7. desember fyrra ár, áhrærandi tilkall dómkirkjukallsins í Reykjavík til eignar að túninu og lóðinni í Bráðræði, skammt frá dómkirkjukallsins jörð Seli í Reykjavíkur lögsagnarumdæmi; með nefndum bæjarþingsrjettardómi er innstefndi Jón Jónsson prentari, sem farið hefur því fram, að hann væri rjettur eigandi að því umþrætta túni og lóð, frídæmdur fyrir tilkalli dómkirkjukallsins, en heimildarskjölum hans fyrir eigninni Bráðræði er vísað frá undirrjettinum og kostnaður málsins látin falla niður, en dómkirkjukallsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svaramanni dæmd málsfærslulaun úr opinberum sjóði.

Hjer við rjettinn hefur innstefndi krafizt, að þeim bæjarþingsdómur verði staðfestur, að því leyti hann frikennir innstefnda fyrir sækjandans ákæru, en að honum tildæmizt 30 rbd. reiðusilfurs fyrir málsfærslu og ómakslaun fyrir báðum rjettum, og að sækjandans svaramaður sektizt hæfilega fyrir að hann leggi innstefnda í einelti með lögleysum; hvar á móti sækjandinn hefur krafizt, að undirrjettarins dómur og ályktun undirdómarans 23. oktober fyrra ár fellizt úr gildi, en að Reykjavíkurdómkirkjukalli dæmizt, dæmizt fullkominn eignarrjettur yfir túninu og lóðinni á Brádræði, og innstefndi tilskyldizt að borga dómkirkjuprestinum vegna dómkirkjukallsins eina vætt árlega í lóðartoll fyrir býli þetta frá fardögum 1846 uns (sic) mál þetta höfst, og þaðan frá eptir mati óvilhallra manna; svo hefur hann og krafizt skaðlausr málskostnaðar af innstefnda fyrir báðum rjettum, og að niðurmæli þessa til dómkirkjuprestsins í varnarskjali 30. april í ár verði ómerk dæmd.

Eptir þeim frá appellantsins hálfu í máli þessu framkomnu sönnunum virðist það gjört, að býlið Brádræði, sem eptir framlögðu afstöðumálverki stendur hjerumbil 170 faðma frá Seli, hver jörð ómótmælt er eign Reykjavíkur dóm-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kirkjukalls, hafi þegar 1769 verið orðið til sem
býli án grasnautnar eða sem tómthús, og að
svo hafi enn þá verið árið 1819 sannar sá
staðfesti útdráttur af tíundarreikningi
yfir Seltjarnarneshrepp, sem undir № 9
fram er kominn í sókn málsins fyrir þessum
rjetti. Má af þessu með vissu ráða, að býlið
Bráðræði hafi ásamt jörðinni Seli allt að
árinu 1835 horfið undir Gullbringusýslu
lögsagnarumdæmi, en ekki Reykjavíkur-
bæjar, eptir að þessi bær fjekk yfirvald
út af fyrir sig. Hið seinast nefnda ár er
jörðin Sel ásamt með tómthúsinu Bráð-
ræði lagt undir Reykjavíkur bæjarfógeta-
stjórn. Þó að ekki verði af þessu með vissu
ályktað, að Bráðræði hafi verið byggt á
Sels jarðar landi, virðist þó þaraf ráða mega,
að það ekki sje byggt í upphafi á Reykja-
víkur landareign, eins og innstefndi
hefur farið fram á. Innstefndi hefur heldur
ekki fært minnstu sönnur fyrir því, að
einnig Sel sje byggt á Reykjavíkur landi,
þó sönnunarbyrðin í því falli lægi á honum,
en af appellantinum er það nægilega
sannað með staðfestum útdrætti af jarða-
bókinni frá 1760, að jörðin Sel þá, eins og
líka í Árna Magnússonar jarðabók
frá byrjun 18. aldar, hafi verið jörð fyrir
sig, aðgreind frá Reykjavík, en með óviss-
um dýrleika. Innstefndi hefur viljað
byggja kröfu sína um frían frá eptirgjaldi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eptir lóð þá, sem Bráðræði stendur á, til dómkirkju-prestsins, hverjum jörðin Sel er veitt að Léni, á því að enginn máldagi eður landamerkjaskjal sje framlögð frá appellantsins hálfu fyrir Selinu, en af því að í þessu máli ekki er þrætt um ytri ummerki Selslands; virðist rjettinum nú mótbára ekki geta ráðið úrslitum málsins, ef það að öðru leyti hefur orðið sannað, að Bráðræði sje byggt í Selslandi, og skal það því hjer nákvæmar skoðað.

Þegar rjetturinn yfir höfuð lítur til þess, sem frá appellantsins hálfu er framkomið í þessu máli; þá verður ei betur sjeð, en að sú hafi verið almenn skoðun, bæði nærliggjandi jarða-ábúenda og Reykjavíkur bæjarstjórnenda frá því áður en nú tímaútgreitsla byrjaði kringum Bráðræði, sem er helsta rót þessa máls, og til þessara tíma, að býlið Bráðræði væri byggt í jarðarinnar Sels landi. Þannig játar núverandi lögreglustjóri í Reykjavíkurbæ Þorsteinn Bjarnason, er 1825 fyrstur byrjaði að rækta tún í Bráðræði og byggði þar reglulegan bæ, að hann til þess leitað hafi leyfis hjá stiptprófasti Árna Helgasyni, hver þá, sem dómkirkjuprestur í Reykjavík, hafði umráð Selsins, sem prestakallsins mensaljarðar. Þannig mótmælir Reykjavíkur bæjar málefna einasti þáverandi forstjóri bæjarfógeti Ulstrup ekki vitnisburði Jóns Guðmundssonar á Hóla, dagsettum 4. október 1828, sem taleinkar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Seli þá töð, er Bráðræði er byggt á, og eptir hverjum vitnisburði afstöðumálverk það er samið, er bæjarþings rjettargjörðunum fylgir, og hafði þó bæjarfógeti Ulstrup því meiri hvöt til þess, sem vitnisburður þessi framkom tveimur dögum seinna en hann er útgefinn, í samkomu, er bæjarfógetinn hjelt með nærliggjandi jarða ábúendum, til að leiðrjetta bæði Reykjavíkur og þessara ~~tún~~ jarða landamerki. – Þannig hefur undirdómarinn sjálfur í brjefi af 15. júlí 1842 ásamt forstjóra Reykjavíkurbæjar fulltrúa tileinkað jörðunni Seli Sandagerði, hvert þó eptir afstöðumálverkinu liggur fjær Seli, en það umþrætta Bráðræði. – Þannig hefur undirdómarinn einnig sjálfur tileinkað Seli Bráðræðið í eignatali því, er hann fyrir tveimur árum samdi fyrir Reykjavíkur lögsagnarumdæmi, og hvert eignatal löggilt er af stiptamtinu 27. apríl í fyrra. – Þannig hefur landsins nærverandi biskup, þegar hann var dómkirkjuprestur í Reykjavík í embættisskýrslu sinni frá 2. september 1839 til þáverandi biskups áhrærandi dómkirkjukallsins tekjur, talið Bráðræði sem byggt í Selslandi, og að af því áskilin ein vætt í árlegt afgjald. Að vísu hefur innstefndi mótmælt ýmsum af þeim áðurnefndu embættismanna skýrslum, og sjerílagi brjefi undirdómarans frá 15. júlí 1842 og eignatali Reykjavíkurbæjar lögsagnarumdæmis, en þessi mótmæli finnur rjetturinn ekki á neinum rökum byggð, eins og hann heldur ekki finnst að hafa sjerílagi mótsagt seinast nefndri skýrslu biskups Thordersens, nema með þeirri almennu mótbáru, að prestar vitni í þessu falli í eigin máli, og væri það að vefengja allar slíkar, eptir öðrum skipun af prestum landsins gefnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skyrslur, hvad ekki getur fundið þessa rjettarmeðhald
Rjetturinn getur ei betur sjeð, en að þau 3 afsalsbrjef fyrir býlinu Bráðræði mann fram af manni, sem fram eru komin undir málsfærslunni, verði að útleggjast (ef orð þeirra að öðru leyti leyfa það) samkvæmt þessari áðurnefndu almennu og opinberu skoðun. Þessi afsalsbrjef eru það, á hverjum öll innstefnda rjettindi til Bráðræðisbýlisins gegn appellantinum eru byggð. Hið fyrsta af þessum afsalsbrjefum er það, frá 21. maí 1835, frá áðurnefndum lögregluþjóni Þorsteini Bjarnasyni til skóara Hammerar Erlendssonar, en þetta afsals brjef leyfir, að rjetturinn meiningu, þá útleggingu, sem samkvæm er áðurnefndri almennu og opinberu skoðun, að bær og hús og girðingar veru eign seljandans, en að lóðin undir húsum og því útgrædda túni væri annars, og þá eptir því áður sagða, Sels jarðar eiganda eign, þar sem hann "selur og afhendir - bæ þann er hann á á Bráðræði ásamt öllum - húsum og rjetti til brúkunar og ábúðar - til þessa bæjar, húsa, þess útgrædda túns og tilheyrandi girðinga"; seinna í sama brjefi afhendir hann "tjeðar eignir" bæ og hús og "brúkun Bráðræðis lóðarinnar". Þó nú en seinni afsalsbrjef Hammerar skóara Erlendssonar til Ásgeirs Finnbogasonar dags. 22. maí 1837 eða nefndr Ásgeirs til innstefnda dagsett 23. maí 1841 væru orðfyllri eða virtust að veita stærri rjett en þann, en Þorsteinn Bjarnason afhenti, þá er frá innstefnda hálfu engin sönnun komin fyrir, að þeir seinni eigendur Bráðræðisbæjar hafi á annan hátt öðlast stærri rjett yfir lóðinni en þann, er Þorsteinn Bjarnason Hammeri Erlendssyni, því það af innstefnda fyrirborna, að hann hefðað hafi afgjaldsfrelsi eptir Bráðræðislóð, getur eptir biskupanna erindisbrjefi 1. júlí 1746 § 16, hvar við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

prestaköll er ad skipta, ekki tekid til greina, enda er í ~~hinum~~ seinni afsalsbrjefinu skírskotad til afsalsbrjefsins frá 21. maí 1835.

Af rökum, sem þannig eru talin, getur landsyfirrjetturinn ekki annad en álitid, ad dómkirkjukallid sje rjettur eigandi ad hinni umþrættu Brádrædislód og túni, og ad prentari Jón Jónsson, sem öðlast hefur á löglegan hátt brúkunarrjett hvorstveggja, þó verdi ad borga lódartoll, samkvæmt kröfu sækjandans, og ad bæjarþingsrjettar dóminum samkvæmt þessu eigi ad breyta. Eptir þessum málavöxtum og sjerílagi med tilliti til þess, ad sækjandanum er veitt gjafsókn í ~~[illegible]~~ málinu, verdur innstefndi einnig ad skyldast til, ad borga sækjandans málsfærslumanni málsfærslulaun fyrir bádum rjettum, sem hæfilega finnast ákvedin til 15 rdl. reidusilfurs, en ad ödru leyti nidurfalli allur málskostnadur.

Eins og rjetturinn finnur enga ástædu til ad sekta hinn skipada málsfærslumann dómkirkjunnar eptir kröfu innstefnda í framhaldsvarnarskjali af 29. maí þ. á. fyrir þessum rjetti, þannig finnst heldur ekki ástæda til ad sekta innstefnda fyrir ord hans til áfrýjandans eda ónýta þau ákærdu ord. Málid hefur, ad því leyti þad er gjafsóknarmál, verid rekid og flutt fyrir bádum rjettum forsvaranlega.

Því dæmist rjett ad vera:

Innstefndi prentari Jón Jónsson á ad borga Reykjavíkur dómkirkjupresti herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á. Jónsyni í lóðartoll eptir bygð Bráð-
ræði í 2 ár, frá fardögum 1846 til fardaga
1848, tvær vættir fiska eður þeirra and-
virði eptir gjaldskrá er gilti á rjettum
gjalddaga, svo og upp frá því eptir mati
óvilhallra manna ásamt málsfærslu-
launum við yfir og undirrjett til
hins skipaða talsmanns dómkirkju-
prestakallsins, sýslumanns Th. Gud-
mundsens með 15 rbd. reiðusilfurs.
Annar málskostnaður falli niður.
Dóminum að fullnægja innan 8
vikna frá hans löglegri birtingu
undir aðför að lögum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jarðabók Árna Magnússon III Gullbringusýsla

# Sel

Jarðardýrleike er óviss.
Eigandiñ kirkjan að Reykjavík á Seltjarnarnese.
Ábúandiñ Ólafur Benediktsson.
Landskulld L.L. al.
Betalast með V vættum fiska til heimabóndans í Vík.
Við til húsabótar leggur ábúandi.
Leigukúgillde ij.
Leigur betalast í smjöre heima til bóndans.
Leigukúgilldin uppýnger bóndiñ að Vík.
Kvaðer eru: Mañslán um vertíð
Dagsláttur einn og styrkur til flutninga á Beñastaðamen kalla.
Item frá Beñastaðamönum skipaferder ein edur þrjár á áre, leingra edur skemra eftir því sem þeir hafa kallað, og fæder bóndiñ sjálfur.
Heihestur einn til fálkaña, heimtur alls þrisvar síðan fálkar sigldu í Hólme, fyr var sú kvöð alldrei
Kvikfjenaður iiij kýr, iiij ær, iij lömb, ij hestar, 1 fole veturgamall.
Fóðrast kan iiij kýr.
Heimilismeñ Viij og níundi heilsuveikur mágur bóndans.
Torfrista og stúnga og móskurður í Víkurlande frý.
Rekavon nockur.
Hrögnkielsafla nockur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skielfiskfiara nægileg í Víkurlande.
Heimræde er árið umkring og lending sæmelig, ganga skip ábúandans epter hendugleikum. Kóngs skip hafa hier skialldan geingið, þó stundum, og þá með nockurre undergipt. Innträkkuskip nockrum sinnum fyrer undergipt og þó fá.
Túnunum grandar sjór árlega.
Eingiar eru miög litlar.
Úthagar öngver nema í óskiptu Víkur lande og þó mjög hætter.
Vatnsból þrýtur stundum bæde sumar og vetur.

Afbýlismaður heima við bæinn.

Jón Jónsson
Landskulld XXX ál.
Betalast með fiske til heimabóndans.
Við til húsabótar legger heimabónde.
Leigukúgillde 1.
Leigur betalast í fiske edur smjöre heima til bóndans.
Kúgilldið uppynger heimabóndinn.
Kvader eru: Mannslán árið um kring
Dagsláttur einn
Kvikfienaður eitt leigukúgilldið.
Fódrast kann 1 kýr.
Heimilismenn 11.
Elldevidartak af móskurde ásamt heimabóndanum.

" " "

Að þetta sé rétt dregið út úr jarðabók Arna Magnússonar í safni Jóns Sigurðssonar á landsbókasafninu, það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vottast hérmeð notarialiter eptir nákvæman samanburð.

Notarius publicus í Reykjavík 10. septbr 1887.

Halldór Daníelsson

Borgun 25 a.
tuttugu og fimm aur
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

__Útskript__ úr dómabók Reykjavíkurkaupstaðar

Árið 1848, fimtudaginn þann 7da december var bæjar=þings=rjetturinn settur og haldinn af þeim setta dómara og skrifara, samt þeim þann 2an s.m. útnefndu og eiðsvörnu meðdómsmönnum, og tilkvöddum ~~[illegible]~~ þingvottum í millibils=þinghúsi Reykjavíkur kaupstaðar, sem vegna endurbótar þess reglulega þinghúss, hefur hingað til verið brúkað í þessu máli,

hvar þá:

í gjafsóknarsökinni No 3/1848.

prófastur og dómkyrkjuprestur Ásmundur Jónsson vegna Reykjavíkur dómkyrkju prestakalls

gegn

Jóni prentara Jónssyni í Hákonarbæ, sem eiganda Bráðræðisbýlisins, var af dómaranum og þeim tilkvöddu eiðsvörnu meðdómsmönnum uppkveðinn svohljóðandi

## Dómur:

Með rjettarstefnu frá 13da september þ.á og eptir skinna forgefins sáttatilraunn, lögsækir stefnandinn, prófastur og dómkyrkjuprestur Ásmundur Jónsson, Jón prentara Jónsson á Hákonarbæ, sem eignarmann býlisins Bráð=ræðis, um þá sök, að þessi hafi neytað sjer um sam=gjarnt eptirgjald eptir tjeð býli Bráðræði, sem þó liggi á dómkyrkjujarðarinnar Sels lóð, og hvors vegna stefnandi stefnandi meinti, að hann hefði heimild til,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæði að krefjast sanngjarns afgjalds af því nýjámimdela býli, og líka til að byggja það eptirleiðis, eins og hverja aðra kyrkjunnar eign, er gæti heimfærst til að ólíkast innan jarðarinnar Sels landamerkja, hvar yfir afstöðumálverk var samið 17da Oct. þ.á., en hverja sá saksakti prentari Jón Jónsson gjörsamlega neitaði, og taldi slík landamerki að vera öllu óljósari, en þau, sem hann 23ta f. m. með öðru afstöðumálverki, áritaði, og hvar eptir Bráðræði ekki heldur væri í Selslandi, þótt sá af saksóknaranum framlagði vitnisburður, frá J. G.son á Hala, ekki frekar hefði verið vefengdur af Bæjarstjórn Reykjavíkur, hvorki árið 1828, nje seinna þá landamerkjamálefnum þeim hefði verið hreyft, eins og það ekki heldur væri sannað, að nokkur hefði goldið dómkyrkjuprestinum eptir Bráðræðisbýlið, eða fengið þeirra lof eða leyfi, til yrkingar þess svæðs, sem eptir afstöðumálverkinu, frá 17da Oct. þ.á lægi innan Sels landamerkja hvort land utangarða að Seli og Bráðræði væri notað til beitar og torfristu, frá Reykjavíkur bæjarþorpi, hvorsvegna innstefndi hefur krafist frikenningardóms, og byggur rjetturinn, að þau eptirfylgjandi atriði sjeu hin afdrifamestu í þessari sök:

Eins og við rekstur málsins framlagða útskript af jarðabókinni frá 1760 augljóslega ber með sjer, er Reykjavíkurtorfan, með dómkyrkjunnar sameinaðri eign, talin 50 C að dýrleika, og er dómkyrkjujörðin — eins og tíðvanalegt er, hvar sjálfseignar kyrkjur eiga tilkall í heimalandi — Sel, 10 C að dýrleika, innifundin í tjeðum aðaldýrleika höfuðbólsins Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem kom undir krónuna þann 19. april árið 1616, en var einna, að því leyti sjálfseignina snertir, árið 1752, allramildilegast veitt þeim svokölluðu „nýju innrjettingum", er þá voru stofn-settar í Reykjavík, og hafa jarðirnar Sel og Hlíðarhús, hvor síðar-nefnda er 10 C að dýrleika, og eign Helgafellskyrkju, alltjafnt átt óskipt land utangarða, í sameiningu við höfuðbólið og kaupstað-inn Reykjavík, sem eins og alkunnugt er öðlaðist til eignar þann hluta Reykjavíkurtorfunnar er taldist sjálfseignar- eða bónda-góz, sem konungur Christian IV hafði eignast árið 1616, með makaskiptunum einsog áður er áviknað, og er þá það aðal-jarðar hundraðatal, sem hefir hingað til yrkt og notað og notað óskipt land utangarða í kringum þjeðar jarðir, að upphæð 60 C, nefnilega Reykjavíkurtorfan með kyrkjujörðunni Seli 50 C og Hlíðarhúsin 10 C að dýrleika, hvað allt var talið óskipt land utangarða árið 1828, sjá skjalið að Litr. D. No 2, hvar enginn mælti fyrir dómkyrkjunnar hönd, vegna þess að hún á eptir máldögum "10 C í heimalandi„, óskipt og í sameiningu við sjálfseignina í Reykjavíkur höfuðbóli, og aldrei frekar af neinum hreyft við, eða beðið um nokkur skipti á löndum þjeðra jarða utan-garða, hvorra landamerkja utanlinur, nú eins og þá eru öldungis óljós og ókönnuð. Gegn annara vitnum, einsog stendur í þessari sök, því vitnisburður frá J. G.son, að Litr. D. No 3, hefir engin þau kennimerki, eða nokkra þá eiginlegleika til að bera, sem megi dæma eptir, að jörðin Sel eigi með vissum merkjum nokkurt ákveðið, eða reglulega útskipt land utangarða, því síður sem það hefur ekki orðið mótmælt, að landið utangarða að Seli og Bráð-ræði, hefur verið yrkt og brúkað frá Reykjavíkur- og Hlíðarhúsa-torfunni sem því tilheyrandi úthagi, án þess nokkurs manns lof

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eda leyfi hafi verið til fengið frá Sels eða Bráðræðis hálfu, og hvar af nauðsynlega fljótur, að dómkyrkjujörðin Seli ekki með nokkrum máldaga hefur getað helgað sjer nokkurt býli, eða afmarkað pláss utangarða, því þótt Reykjavíkur bæjarstjórn hingað til ekki hafi gjörsamlega slegið vernd sinni yfir Bráðræðisbýlið og Landagerðisþorpið, þá er sjeikt bæði sprottið af þeim samgjarna skoðunarmáta, að kaupstaðurinn ekki eingöngu eigi rjett til landsins utangarða, heldur líka hinar jarðirnar, nefnilega Sel, eða eins og máldagarnir herma kyrkjunnar „10 C í heimalandi“, sams hlýðarhús eptir tiltölu, og líka hefir bæjarstjórnin ekki — denuntiatione litis — verið tilkvödd samkv. L 1-4-1, til að vera við nokkra þá landamerkjaskoðunar gjörð, sem upp á nokkurn hátt takmarkaði Reykjavíkurkaupstúns-land, hvorjar þess vegna ekki heldur að því leyti sem fram fór á þrætuplássinu þann 17da og 23 Oct. þ.á. Litr D. og að Litr. F No. 5, álítast að hafa nokkra rjettarverkan fyrir ummerki eða takmörk Reykjavíkur bæjarlands, sem eins, eptir sem áður er in statu quo. Hjer af leiðir þá enn fremur, að ekki verður nú dæmt um eignarrjett Jóns prentara Jónssonar til býlisins Bráðræðis, heldur einungis um hitt, að það sje ósannað, að sjeð býli sje eingöngu á Selslandi, og þess vegna geti dómkyrkjupresturinn heldur ekki að svo stöddu máli tileinkað Bráðræðið einungis kyrkjujörðinni Seli, hvorrar afmarkaða land utangarðs ekki hefur orðið sannað til hlýtar fyrir þessum rjetti; en hvað þó — þ.e. að Sel ætti afmarkað land utangarðs — er aðalundirstaða fyrir dómkyrkjuprestsins rjettarkröfum í sökinni. Af þessum ástæðum og af því sækjandinn ekki hefur getað, samkvæmt 1-14-5, leidt fullgildar lagaröksemdir að rjettarkröfum sínum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hlýtur inndstefndi, Jón prentari Jónsson, að frikennast fyrir dóm=
kyrkjuprestsins ákærum í þessari sök, hvor þó virðist að hafa
haft nægar orsakir til að breyta þessari málssókn, og að ran=
saka kyrkjunnar og prestakallsins rjett til úthaga þess, er Seli
kynni að geta tileinkast, og hversvegna tilhlýðilegast er, að
málskostnaður niðurfalli, þannig að hvor málspartur beri sinn
kostnað, nema 8 rbd. til gjafsóknarans, sem borgist af opinberum
sjóði, hvarámóti fyrirkomnum heimildar- og eignarskjölum
þess inndstefnda ásamt öllu því, er þar til heyrir að Litr.
C №1. til 7 inclusive ber að vísa frá þessum rjetti til að verða
frekar ransökuð og dæmd, ef rjettur sakaraðili, eða inter=
venient krefðist slíks, hvað við þetta dómsatkvæði eptir
þeim ávikum kringumstæðum, ekki frekar verður tekið
til greina.

Gjafsóknarmál þetta hefir verið rekið með tilhlýðilegum
hraða, og án nokkurrar forsómunar í sókn þess yfir höfuð

Því dæmist rjett að vera:

dómkyrkjujörðinni Seli við Reykjavíkur kaupstað, hefur ekki
orðið helguð sem löglega afmörkuð, eða nokkur sinni út=
skipt landareign utan túngarða, svo að það, sem býlið Bráð=
ræði stendur á; hinn stefndi Jón prentari Jónsson á þess
vegna, sem ákærður eignarmaður tjeðs Bráðræðis, að vera
frí fyrir gjafsóknarans ákærum, vegna Reykjavíkur dómkyrkju
og prestakalls, í þessari sök, en heimildar- og eignarskjölum hans
að Litr. C №1 til 7 báðir meðtalin, fyrir Bráðræði, að vís=
ast frá þessum rjetti. –

Gjafsóknaranum, sýslumanni og hjeraðsdómara, sellum Bæjar=
fógeta, Th. Gudmundsen, gjaldist 8 – átta rbd. r.s. af opinberum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þjóði, en allur annar málskostnaður falli niður.

Undir aðför að lögum.

Dómurinn var fyrir bæjarþingsrjettinum hátt upplesinn og í heyranda hljóði í þinginu síðar sagt slitið og þingbókin undirskrifuð af hlutaðeigendum.

ut supra

H. Gunlögsen
settur

Vers meðdómendur
T. Finnbogason
Pjetur Magnússon
F. Steinsson
G. Zoëga

Vers þingvottar
H. Hendriksen   Th. Bjarnason
J. Eriksen   Hallgrimsen.

" " "

Rjetta útskript staðfestir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þarnig og hafi boðist Auktionar á Bráðræði ásamt túni og
gyrðingum öllum samt Kálgarði og 2 Hjöllum, en og eptir
Landsyfirréttardómi 23ja Júlí 1849, skyldaður til að borga
fyrir liðna tíð 1 vætt fiska, í lóðartoll árlega,
frá þessa dóms birtíngu eptir mati óvilhallra manna, en upp-
kvaddra bið ég þarna Kammerráð, samt og Bæarfógeta
Chr Christjanson að tilnefna 2 óvilhalla, en só val-
inkunna mann til að meta, lóðartoll á téðu býli
fyrir þann tíma sem Uppboðið á að ske, og má þetta
framfara án kosts og sé tilkallaður.

Reykjavík 29da Nóvember 1850.

Jón Jónsson prentari

Samkvæmt beiðni þessari útnefnast hér með
bændurnir Páll Arnason á Sauðagerði og Ólafur
Steingrímsson á Litla Seli til að fyrir taka sér
allra bráðasta og að minnsta kosti fyrir þann
22 þ.m. sér eptirskilda mat, og með því tilliti að-
gætandi að í sínum tilgreinda Landsyfirréttardómi
er það álitið að Jóni prentara Jónssyni tilheyri
allar gyrðingar og garðar á Bráðræði auk húsa,
samt öll grasnyt og búkunnáttu réttur til heimans,
svo að lóðartollinn bar að meta eptir því sem
tíðkast hér í bænum, þar sem tómthús standa á
annarlegri lóð, og sanngjarnt er álitin miðhóf

og að því lítli lóðartollum sem áður var 1 vætt
fiska hvert ár [?], þá er hann þannig á landsyfirrjett-
ardóminum dæmdur vegna þess að aktast [?]
sem á lagi var sett á móti úrskurði hans,
og getur hann því nú orðið annaðhvort
minni eður stærri allt eptir því er
þjer álítið sanngjarnt að meta. –
Annars ber yður við mat þetta,
sem þið fyrirfram eigið að tilkynna hlutað-
eigendum hvenær fram fari, að hafa ept-
ir beztu þekkingu og samvizku, þannig að
þjer sjeuð viðbúnir að staðfesta það af
og hvenær sem krafist verður, og gjet
jeg þess að endingu að jeg álít sjálfsagt að
lóðartollurinn verði metinn í fiski nú
og að undanförnu

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 19 nóvember 18

Christiansen

Til bændanna
Páls Arnasonar að Sandagerði og
Olafs Steingrímssonar að Litla Seli.

‡

Eptir framanskrifaðri útnefningu okkar undirskrifaðra til að meta lóðartoll á Bráðræði, þá er það þannig af okkur álitið:

Svo framt sem ábúandinn á Bráðræði má brúka í samfjelagi, eins og að undanförnu, bæði hagbeit og mó upptekt, ásamt torfristu til húsa og heya, líka þángskurð og þönglareka, skipsuppsátur og öll vergögn, með góðu vatnsbóli; þá getum við ekki betur sjeð, en að það muni vera sannsýnilegur lóðartollur af Bráðræði, ein vætt af gjaldgengum harðfiski árlega.

Sandagerði og Litlaseli d. d. ...

Ólafur Steingrímsson

Árnason

‡

Þareð Jón prentari Jónsson hefir lýst óánægju sinni yfir framanskrifuðu mati og beiðst að fjórir menn væru útnefndir til að fyrirtaka yfirmat á lóðartolli af Bráðræði, svo útnefnast hjer með til að fyrirtaka framkomna yfirmat þetta, kaupmennirnir herra H. St. Johnsen og herra Th. Johnsen, samt járnsmiður Skapti Skaptason og fyrrum verandi bæjarfulltrúi, smiðkari H. Jónsson, og ber ydur við yfirmat þetta, sem þjer hafið að staðfesta með eiði, ef krafist verður, að fylgja sömu reglum sem að framan eru ritaðar til leiðbeiningar við undirmatið. —

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 16 decbr. 1850.

Thorstensen

Til

Kaupmannanna herra H. St. Johnsen og Th. Johnsen, járnsmiðs, bæjarfullt. Sk. Skaptasonar, H. Jónssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mat það sem framfór um Lóðartoll á Bráðræði, eptir því sem dæmt er í Landsyfirréttardómi 23ja júlí 1849, og sem var gjört af þeim þar tilnefndu mönnum, bændunum Páli Arnasyni á Sandagerði og Olafi Steingrímssyni á Litlaseli þann 20ta f.m. er eg ekki ánægður með, þareð það mat tiltekur 1 vætt í fiski beinlínis eptir því, sem Landsyfirrétturinn hefir dæmt "fyrir liðna tíð", en mér finnst það ekki geta verið ástæða til þess, að það skuli alltaf vera eins, því þó Landsyfirrétturinn dæmdi svo, kom það ekki til af því, að hann metti þennan toll til að vera hæfann til framtíðarinnar, því þá hefði hann ekki sagt þar á eptir "en úr því eptir mati óvilhallra manna" heldur, skilst mér dómurinn sé byggður á því, að það var aldrei haft móti leigunni af verjandanum sem uppá var stúngið af sækjandanum, nema að því leiti; að Lóðartollurinn að öllu burtfélli, en hefði verjandinn sagt svoleiðis: ef að Lóðartollur á félli, að hann gæti þó ekki meiri en 2rd eða ½ vætt, gat skeð að Landsyfirrétturinn hefði þá metið það hæfilegt til framtíðarinnar.

Nú finnst mér önnur ástæða geta hnekkt því, að 1 vætt fiska sé hæfilegur Lóðartollur eptir lóðina á Bráðræðisbletti, þar því verður ekki af neinum neitað, að hér verður aldrei metið annað en, sem útgjörð gjörð, því öll sú fyrirhöfn, sem búið er að hafa fyrir Bráðræðis túni og girðíngum, og allur sá ágóði sem af því hefst, tilreiknast eigandanum, en ekki Kyrkjukallinu, því það er aldrei eigandi þess; en ástæðan er þessi: Bráðræðið hefir verið metið eins og aðrar jarðir hér í Bænum, sem eru heldur útaf fyrir sig, en ekki haft tillit til þess að annar eigandi er að Lóðinni en annar að notkuninni, því eigandi Lóðarinnar, getur aldrei vænst að hafa meiri not af þessum bletti, en öðrum jafnstórum óræktuðum og óumgirtum á [illegible], og er það alkunnugt hvaða arð þeir [illegible] honum, en Bráðræðið er metið 130rbd en Lögrenta er 4rbd af 100rbd og er þá rentan af 130rbd um árið 5rbd 19 1/5 ß., og það er rentan af öllu Bráðræðistúninu nl. Lóðinni og notkuninni, "en þá verður aðalspursmálið" hvörsu mikið af þessari rentu beri að lúka til lóðareigandans, hvort það á að vera ¼ ⅓ eða helmingur lögrentunnar.

Af þessum ástæðum finnst mér ósanngjarnt að gjalda 1 vætt fiska eptir Bráðræðislóðina, sem skjaldan eða aldrei verður minna eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verðlagsskránni er 3½ rbd. en opt um 4 rbd. en á móti Landaurum aldrei minna en 4 rbd. og er þá auðsjeð hvað eptir verður af Lögmetunni; líka má hafa tillit til þess, að það er óvenjulegt að leggja út blett í útgræðslu túni; eða á eiðimel, og þegar það er á eiðimel, og þá þarf ekki að gánga yfir ~~tún~~ tún jarðarinnar til hennar, og jörðin aldrei að líða átroðning hennar af þess manns hálfu; þá getur það heldur ekki tekist til greina hvað skipsuppsátur snertir, því Bráðræðismaðurinn þarf ekki að brúka lendinguna á Seli; Sel getur heldur ekki af henni látið móupptak, þar það eptir jarðamatinu er álitið sjálfsagt að hafa það í samningnum; en Bráðræðis ábúandinn hefir þá bæði hagagaungu, móupptak og lendingu í samningnum, eins og hver annar þurrabúðarmaður í Reykjavíkurlögsagnar umdæmi hefir, þareð hann liggur undir sama útsvari til Bæarins, eins og þeir, sem búa á sjálfri Bæarlóðinni.

Eptir þessu framanskrifaða bið eg Herra Kammerráð Kr. Kristjánsson, að útnefna aðra óvilhalla menn annaðhvort 2 eða 4 eptir því sem Lögin ákveða þar sem svo á stendur, til að meta að nýju Lóðartoll á Bráðræðistúnbletti í sanngjarnara máta, og óska eg mér að fá að vera við sjálfur þegar matið framfer.

Reykjavík 30ta Nóvember 1850.

Auðmjúkast

Jón Jónsson Prentari

Til

Herra Kammerráðs Land og Bæarfógeta Kr. Kristjánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur
## úr

"den ang. Salget af den Reykjavik Domkirke tilhørende Jord Sel" nedlagte allerunderdanigste Forestilling." – Lovsamling for Island. 18. b., 16. dag febrúarmánaðar 1862.

---

Igjennem Stiftsövrigheden var indkommet til Ministeriet et Andragende fra Bonden Magnús Jónsson i Bráðræði ved Reykjavík, hvori denne anholdt om, at den Reykjavik Kirke tilhørende, under Byens Jurisdiction beliggende, Jord Sel maatte blive ham overdraget til Eiendom for en Kjöbesum af 1500 Rd. . . . . . .
. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .

I den Erklæring, hvormed Stiftsövrigheden har ledsaget bemeldte Andragende blev bemerket, at det vel i Almindelighed var utilraadeligt at afhænde de Præstekaldene i Island tilhørende faste Eiendomme, men at der dog kunde gives Tilfælde, hvor det er rigtigt at gjöre Undtagelse fra Regelen, og at et saadant Tilfælde her var tilstede. I denne Henseende var anført, at Jorden Sel aldeles ingen Herligheder havde, at dens Enemærker vare indskrænkede

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til den omkring Gaarden liggende Græsmark, der var af liden Omfang og i daarlig Rögt, saa at den ikkun afgav Foder til 3 Köer, at den som Oplandsjord vilde være at ansee som en saare ubetydelig Eiendom, men at det var dens Beliggenhed tæt ved Reykjavik og lige ved Söen, der gav den sin hele Betydning, da den laa bekvemt for Fiskeriet, havde et taalelig godt Landingssted, samt afgav en bekvem Plads for Fisketilvirkning. - - - -
- - - - - - - - - - - - - - - - -

\# \# \#

Rjettan útdrátt staðfestir

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 12. september 1887

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

k,

t

um

ar

da

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjettarskjölin No 9, 10, 11, 12a, 12b, 13, og 14 í málinu:

Bæjarstjórninni í Reykjavík

gegn

Ingjaldi Sigurðssyni á Lambastöðum

fylgja dómsgjörðum undirrjettarins.

Kristjánsson

Analogian
nóg að nota [illegible] innan ákveðinna takmarka

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit



# Útskript
## úr
## þingbók Kjósar og Gullbringusýslu

— " —

Ár 1879, hinn 10. februarmánaðar, var aukarjettur Kjósar og Gullbringusýslu settur og haldinn á skrifstofu sýslunnar í Reykjavík af hinum reglulega dómara, sýslumanni Kristjáni Jónssyni, með undirskrifuðum vottum, og var þá tekið fyrir, samkvæmt beiðni bæjarfógetans í Reykjavík

að útnefna 4 menn til þess að fremja áreiðargjörð á landamerkin milli Reykjavíkurbæjar að vestanverðu og Seltjarnarneshrepps. —

Brjef bæjarfógetans, hjer að lútandi var fram lagt og auðkennist No. 1. Ennfremur leggur dómarinn fram brjef amtsins, dags. 20. des. f.á., er löggildir hann til að framkvæma áreiðargjörð þessa; auðkennist brjefið No. 2. —

Rjetturinn útnefndi því næst þá:

herra yfirkennara H. Kr. Friðriksson í Reykjavík

— " — tómthúsmann Jóhannes Olsen — " —

Afr. [illegible] í [illegible] Kjósar og Gullbringusýslu 3/7 1881 —
[illegible]

herra sýslunefndarm. Ólaf. Guðmundsson Mýrarhúsum
—„— bónda Þórð Jónsson í Ráðagerði
til þess sem kunnuga og óvilhalla menn að fram-
kvæma áreiðargjörð á tjeð landamerki ásamt sýslu-
manni Kristjáni Jónssyni, mánudaginn 17. þ. m. Skal
áreiðargjörðin vera skrifleg, og framin eptir beztu þekk-
ingu og samvizkusemi, þannig að áreiðarmennirn-
ir treysti sjer til að staðfesta hana með eiði ef kraf-
izt verður. –

Rjetti slitið

Kristján Jónsson

Vottar:
Ásm. Sveinsson
Eyjólfur Oddsson

Ár 1879 hinn 17. febrúarmán. var sýslu-
maðurinn í Kjósar og Gullbringusýslu, Kristján Jónsson,
samkvæmt löggildingu amtsins, dags. 20. des. f. á., ásamt
áreiðarmönnunum, yfirkennara H. Kr. Friðrikssyni,
tómthúsmanni Jóhannesi Olsen, sýslunefndarmanni
Ólafi Guðmundssyni í Mýrarhúsum og bónda Þórði
Jónssyni í Ráðagerði, er útnefndir höfðu verið fyrir auka-
rjetti sýslunnar 10. þ. m., til staðar á Eyðsgranda á
takmörkunum milli lögsagnarumdæmis Reykjavíkur
og Seltjarnarneshrepps, til þess að framkvæma áreið-
argjörð á tjeð takmörk. – Viðstaddir við áreiðargjörð-
ina voru E. Th. Jónassen fyrir hönd bæjarstjórnarinnar
í Reykjavík, og bændurnir, Ingjaldur hreppstjóri Sig-
urðsson á Lambastöðum og Eiríkur Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Eydi; en þeir eiga land að takmörkum þeim, er hjer um ræðir. –

Ingjaldur Sigurðsson framleggur brjef, dagś. í dag, hvar í hann mótmælir því, að þeir H. Kr. Friðriksson og Jóhannes Olsen geti tekið þátt í áreiðargjörðinni; auðkennist brjefið No 1. –

Hlutaðeigendur óska úrskurðar um mótmæli þessi, og felldi dómarinn svo felldan

Úrskurð

Þar eð eigi eru komnar fram neinar sannanir fyrir því, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi, þá er þeir H. Kr. Friðriksson og Jóhannes Ólsen höfðu sæti í henni, látið það álit sitt í ljósi á opinberan hátt, að Reykjavíkur land nái inn á það svæði, sem Lambastaðir eiga, og þar eð Halldór Friðriksson eigi heldur hefur nokkru sinni áður tekið þátt í áreiðargjörð á umrædd landamerki, geta mótmælin eigi orðið tekin til greina

Fyrir því úrskurðast:

Mótmæli Ingjaldar Sigurðssonar gegn þeim yfirkennara H. Kr. Friðrikssyni og tómthúsmanni Jóhannesi Olsen, sem áreiðarmönnum, verða eigi til greina tekin

Bæjarfógeti E. Th. Jónassen sýndi 2 skjöl annað frá árinu 1575 um landamerki á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

milli Víkur, Örfarseyjar, Eyðs og Lambastaða, og biður fært til bókar svo hljóðandi klausu úr skjalinu:

„Item svo vordna Land Eygnu ágreinde Ólafr Olafsson og Jón Pálsson mille Víkur og Örferes Eyjar, frá Grandahöfde úti gegn um miðja hólma frá Grandahöfde og fram að Eyðsgarde enum minna, þaðan og vestur í Grjótgarð, fyrir sunnan Eyðs-Tjörn, og ofan þar sem Garðurinn gengur suður í Sjó, fyrir austan Lambastade."

og hitt afskript af áreiðarbrjefi í millum Reykjavíkur og Eyðis anno 1600 (úr handritasafni biskups Hannesar Finnssonar № 45 bls. 413), og biður bókaða þessa klausu úr því skjali:

„að Vík eigi fjöru að Eyðsgarði enum minna, og þaðan vestur í Grjótgarðinn hvað vjer sáum og skoðuðum og gjörðum með lögmanns samþykki og yfirsjón, og eptir því haldi og hefð, sem álegið hefur í 20 ár og lengur, að sá garður skal ráða, sem liggur í Eyðstjarnar enda hinn eystra, og svo með sunnanverðri Tjörninni, og vestur í Grjótgarðinn sem liggur fyrir sunnan Lambastaði."

Var þá gengið á mörkin, og var það sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

huga álit allra áreidarmanna ad tak-
mörkin á Eydsgranda milli Reykjavíkur-
lands og Seltjarnarneshrepps midudust þann-
ig ad bein lína væri dregin yfir öler þad,
(sic.) er ber í midja Víkurhólma þannig ad ad
nordurendi línunnar lenti á midjum Víkur-
hólma, en línan framlengd í sudur lenti í
Eydstjörn. - Hvernig takmörkin þar á eptir
skyldu midast gátu áreidarmennirnir ekki ord-
id ásáttir um. Halldór Fridriksson og Jóhannes
Olsen álitu mörkin þessi: ad bein lína skyldi
vera dregin frá enda þeirrar línu, er sídast
var nefnd, í sudvestur horn Eyds tjarnar,
en þadan skyldi ráda beint sudur í sjó gard-
lag þad, er enn sjest fyrir austan Lambastadi.

Hinir tveir áreidarmennirnir, Ólafur Gud-
mundsson og Þórdur Jónsson, álitu mörkin þann-
ig: ad frá línu þeirri, er fyrst er nefnd, sje dreg-
in bein lína vestur med Eydstjörn sunnan-
verdri, þar til hún mætir beinni línu, er dregin
er frá nordri til sudurs af hæstu hæd Akureyjar
og á þúfur þær, er hæst bera á Lambastadaholti
og þadan beint í sudur í sjó fyrir austan svo
kallad Kaplaskjóls hús. -

Þar ed áreidarmennirnir þannig eigi gátu
ordid samdóma, verdur atkvædi dómarans ad

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ráða úrslitum gjörðarinnar, og er það álit dómarans, að samkvæmt því, sem fram er komið við gjörð þessa, muni takmörkin vera þau, sem þeir Halldór Friðriksson og Jóhannes Olsen hafa haldið fram. –

Samkvæmt áreiðargjörðinni verða því takmörkin milli Reykjavíkurlands og Seltjarnarneshrepps þannig:

Norður við sjó á Eyðsgranda miðast takmörkin við línu, er dregin er yfir sker það, er ber í miðja Víkurhólma, þannig að norður endi línunnar lendir á miðjum hólmum þessum, en línan framlengd í suður lendir í Eyðstjörn. – Úr því ræður bein lína dregin vestur með Eyðstjörn sunnanverðri í suðvestur, horn nefndrar tjarnar, en þaðan ræður beint suður í sjó garðlag það, er enn sjest fyrir austan Lambastaði. –

Hlutaðeigendur óskuðu ekki, að áreiðarmenninnir yrðu eiðfestir, en áreiðarmennirnir kváðust allir fúsir að staðfesta álit sitt með lagaanna eiði

Var þá áreiðargjörðinni lokið, og stað–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fest með undirskriptum hlutaðeiganda. –

Kristján Jónsson

H. Kr. Friðriksson. Jóh. Olsen. Ólafur Guðmundsson
E. Th. Jónassen Þórður Jónsson. –
bæjarfógeti. –

Ingjaldur Sigurðsson og Eiríkur Bjarnason mótmæltu að skrifa undir áreiðargjörðina, og er þess hjermeð getið. –

Kristján Jónsson

Rjetta útskript staðfestir

Gjald til landsjóðs:
1 – ein – króna
Kr. J.

Kristján Jónsson

\+ + +

Rjett eptir riti staðfestir

E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad № 5.

Lagt fram í yfirdóminum 3. ágúst 1885

Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12/10. 83

Svarað 13/2. 1884
EllBJónasen

Með brefi dags. 9. August þ. á. hafið þér herra bæjarfógeti sent mér yfirlýsingu nokkra um landamerki jarðarinnar Sels með Bráðræði, ámóts við Reykjavík er bæjarstjórnin hefur samþykkt á fundi sínum 15. februar 1883, og beðið mig um að samþykkja hana.

Útaf þessu lýsi eg hérmeð yfir því: að eg neita því alveg að samþykkja lýsingarskjal þetta.

Eg hefi þann 3 august 1882 látið þinglýsa í bæjarþingsréttinum reglulegum landamerkjum á milli Sels og Reykjavíkur byggðum á heimildarskjölum er eg hefi í hendi, og þetta hefi eg gjört til þess að landamerkjalögunum nýju væri fullnægt af minni hálfu.

Enda þótt eg skoðaði það, sem samþykki af hendi hlutaðeiganda að einginn mótmælti þessari lögfestu minni /1 sendi eg hérmeð herra bæjarfógetanum eptirrit af skjali þessu og bið yður gjöra svo vel að leggja það ásamt brefi þessu fyrir bæjarstjórnina svo að hún eigi kost á að samþykkja þau landamerki er eg fer framá.

Til þess að greiða fyrir máli þessu, skal eg taka fram, að skjal það er bæjarstjórnin hefur samið, ekki er nein glögg merkja lýsing er geti fullnægt landamerkjalögunum, heldur óljós réttarkrafa, byggð á lausu lopti og átilteknum, og verð eg því að skoða hana, sem alveg ómerka gagnvart mér, sem hefi í föstu eignarhaldi, rækt og búsnotum óátalið land er bæjar

Bjj 853/45

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stjórnin með annari eins yfirlýsingu og þessari ekki getur svipt mig, né heldur get eg geingið að svonefndu sáttaboði bæjarstjórnarinnar, eða slept eignarhaldi á því er eg álít að mér með öllum rétti tilkomi, og sem eg híngaðtil hefi haft óátalið.

Bráðræði 12. oktober 1883.

Magnús Jónsson

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tel

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar í Reykjavík á fundi 1. þ. m. veitist hjer- með yfirkennara H. K. Friðrikssyni í Reykjavík fullt og óbundið umboð til að höfða mál á hendur eigendum Stóra- sels og Bráðræðis í Reykjavíkur lögsagnar- umdæmi til að fá ákveðin með sátt eða merkjadómi landamerki milli tjeðra eigna annarsvegar og Reykjavíkur kaupstaðar hinsvegar, og skal allt það, sem yfirkenn- ari H. K. Friðriksson gjörir í þessu efni vera jafngillt og bæjarstjórnin hefði gjört það í heild sinni.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 5. septemb. 1887.

Halldór Daníelsson

Sýnt á sáttafundi Reykjavíkur 13. Septbr. 1887.
Hallgrímur Sveinsson.

№ 2. Framlagt fyrir aukarjetti Reykjavíkur- kaupstaðar 12. d. nóvemb. 1887.

H. Hafstein
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að eigendur Sels og Bráðræðis í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur hafa eigi verið fáanlegir til, að gjöra neinn þann samning, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur getað gengið að, um landamæri millum tjeðra jarðeigna öðru megin og Reykjavíkur-kaupstaðar hinu megin, leyfi jeg mjer, samkvæmt umboði því, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur veitt mjer, að biðja hina heiðruðu sáttanefnd Reykjavíkur-kaupstaðar að kalla á fund fyrir sig, ásamt mjer, eigendur áðurnefndra jarðeigna Jón Magnússon á Bráðræði og Kristin Ólafsson á Steinum, og ennfremur sem löglega umboðsmenn hinna fjarverandi eiganda ábúendurna á Seli, Svein Ingimundarson, Magnús Vigfússon og Ívar Jónatansson, til þess að reyna að koma sáttum á millum þeirra og mín fyrir hönd bæjarstjórnarinnar um landamæri tjeðra jarðeigna gagnvart Reykjavíkurbæ, en komist sættir eigi á, óska jeg málinu vísað til dómstólanna.

Reykjavík 7. dag septembermán. 1887.

H. Kr. Friðriksson

Til
sáttanefndar Reykjavíkur-kaupstaðar.

Nr. 4.
Framlagt fyrir undirrjetti Reykjavíkurkaupstaðar 12. nóv. 1887
lagt fram í sáttanefnd Reykjavíkur 20. apríl 1888
[illegible] [illegible]

Í tilefni af framanritaðri kæru kallast Jón Magnússon í Bráðræði, Kristinn Ólafsson á Steinum, Sveinn Ingimundarson, Magnús Vigfússon og Ívar Jónatansson á Seli til sáttafundar ásamt kærandanum, og verður fundurinn haldinn næsta þriðjudag 13. þessa mánaðar kl. 11 fyrir hádegi á þingstofu bæjarins.

Í sáttanefnd Reykjavíkur, 8. September 1887

Hallgrímur Sveinsson

Borgun 50 aurar.

— " — " — "

Ár 1887, fimmtudaginn hinn 8. septembermánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavíkur bæ, birt framanritaða sáttakæru

1., Kristni Ólafssyni persónulega á heimili hans Steinum,
2., Sveini Ingimundarsyni persónulega á heimili hans Seli,
3., Ívari Jónatanssyni persónulega á heimili hans Seli
4.) Fyrir Helga Jónssyni persónulega á heimili hins kærða, föður hans, Jóns bónda Magnússonar á Bráðræði sem var hjáverandi og
5. fyrir ~~stúlkunni~~ Sigríði Þórðardóttur persónulega á heimili og í fjarveru húsbónda hennar, hins kærða Magnúsar Vigfússonar á Miðseli. —

Þetta vottum samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum og innsiglum. —

Borgun 5 kr
fimm krónur —
Jón Borgfirðingur.
P. Pjetursson

K. Zi. Zhe

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mál þetta var í dag tekið til meðferðar í sátta-
nefnd Reykjavíkur. Mættu þar: kærandinn yfirkenn-
ari H. Kr. Friðriksson, sem sýndi fullt og óbundið umboð
af hendi bæjarstjórnar Reykjavíkur, og af hinum kærðu:
Jón Magnússon og Kristinn Ólafsson. Þeir 3 ábúendur
á Seli, sem eigi mættu, höfðu, án þess þó að tilnefna neins
forföll, gefið umboð til að mæta fyrir sig Jóni Magnús-
syni; sýndi hann umboð þetta á fundinum, og var
það áritað af undirskrifendum; en kærandi mótmælti
gildi þess.

Sáttatilraun gat þannig einungis orðið fram-
kvæmd milli þeirra málsparta, sem sjálfir komu á
fundinn, en með því hún reyndist árangurslaus,
var málinu, eptir kröfu kæranda, vísað til dómstólanna.

Í sáttanefnd Reykjavíkur 13. Septbr. 1887.

Hallgrímur Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helga Jónsdóttir
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifaðir ábúendur, á Stóraseli, Miðseli og Litlaseli, gefum hér með hra Jóni Magnússyni í Bráðræði, fullt umboð okkar til að mæta fyrir okkar hönd, á sáttafundi Reykjavíkur kaupstaðar á morgun, í landamerkjamáli; milli Reykjavík og ábýlis jarða okkar, og skal, alt hvað hra Jón Magnússon gjörir í máli þessu, vera fullgilt og bindandi fyrir okkur, eins og við sjálfir gjört hefðum.

pt. Stóraseli: 12d Sept. 1887

Sveinn Ingimundarson

Magnus Vigfusson

Ívar Jónathansson

Sýnd á sáttafundi. Reykjavíkur 13. Septbr 1887

Hallgrímur Sveinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS SUÐURAMT OG VESTURAMT.

Reykjavík 24. Septbr. 1887.

Samkvæmt tilmælum Yðar, herra Yfirkennari, í þóknanlegu brjefi dags. 14. þ. m., hefi jeg skipað Cand. juris Hannes Hafstein til þess að meðhöndla og samkvæmt landamerkjalögunum taka þátt í að dæma mál það, er þjer, fyrir hönd bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, hafið í hyggju að höfða gegn eigendum Seli og Bráðræði í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Þetta gefst Yður hjermeð til þóknanlegrar vitundar.

E. Th. Jónassen

Til
Herra Yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar
R. af Dbr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS SUÐURAMT OG VESTURAMT.

Reykjavík 24. Septbr. 1887.

Yfirkennari H. Kr. Friðriksson hefur skýrt amtinu frá, að bæjarstjórnin í Reykjavík hafi gefið sjer fullt umboð til að höfða mál á hendur eigendum Selsi og Bráðræðis í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur til að fá ákveðin með sátt eða merkjadómi landamerki milli tjeðra jarðeigna annars vegar og Reykjavíkur Kaupstaðar hins vegar, en jafnframt getið þess, að bæjarfógeti Halldór Daníelsson, sem formaður bæjarstjórnarinnar, væri viðriðinn málið, og gæti því ekki dæmt í því, og hefur þessvegna farið því á flot, að amtið skipaði setudómara, í stað nefnds bæjarfógeta Halldórs Daníelssonar, til þess að fara með og meðhöndla framangreint mál. —

Sakir þessa leyfir Amtið sjer hjermeð að skipa yður, herra Kandidat, til þess að meðhöndla og samkvæmt landamerkjalögunum taka þátt í að dæma framangreint mál, þegar hlutaðeigandi málspartur í því skyni leitar yðar. —

E. Th. Jónassen

Til

Herra Cand. juris Hannesar Hafsteins. —

N° 1. Lagt fram í aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 12. nóv. 1887
H. Hafstein
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bffjct. № 506–87.

Eins og yður, herra bæjarfógeti, er kunnugt var af hálfu bæjarstjórnar Reykjavíkur þræta sú, sem verið hefur um landamerki milli kaupstaðarins og jarðarinnar Sels og býlisins Bráðræði nýlega lögð til sátta við sáttanefnd Reykjavíkurkaupstaðar og gekk þar ekki saman með umboðsmanni bæjarstjórnarinnar yfirkennara og bæjarfulltrúa H. K. Friðrikssyni og mjer undirskrifuðum er mætti fyrir hönd sameiganda Sels og Bráðræðis.

Með því nú að mjer þótti það slæmt, að ekki þar gat komizt sátt á mál þetta, sem jeg helzt hefði óskað og að minni meiningu að eins lítið bar á milli, þá hefur mjer eptir við nákvæmari yfirvegun málsins komið til hugar, til þess, ef unnt er, að komast hjá öllum málaferlum útaf greindum landamerkjum, að bjóða hinni heiðruðu bæjarstjórn fyrir hönd sameiganda Sels og Bráðræðis eptirfylgjandi sáttaboð í þeirri von að bæjarstjórnin vilji taka þeim, þótt þau ekki fram komi fyr enn nú; nl. að bæjarstjórnin annars vegar vilji viðurkenna og játa rjetta eign eiganda Sels og Bráðræðis allt það land sem er innan girðinga jarðarinnar Sels norðurfrá Skansanaustum og suður að Steingarðinum fyrir sunnan Pálshús; ennfremur holtið þar fyrir sunnan, sem bærinn er standa á, frá Torfgarðinum, er gengur til suðurs yfir holtið hjá Austurholti yfir í Bráðræðistúngarðinn og alveg niður í sjó við

grandabótnin ásamt grandanum að eyðilandi, sem þannig tilheyrði Selseigninni, svo og Bráðræðistúnið innan þeirra girðinga, sem nú eru um það, ásamt þeim parti af mýrinni við Bráðræði, er Magnús Jónsson hefur afstungið með skurðum og vallað. Loks að ábúendur á jörðinni Seli og sömul. ábúendum í Bráðræði ætíð framvegis megi hafa ókeypis beit í landi bæjarins fyrir skepnur sínar og einnig ókeypis mótupptekt í landi bæjarins.

Aptur á móti vil eg hins vegar fyrir hönd eiganda jarðarinnar Sels og býlisins Bráðræði sleppa öllu tilkalli til alls lands utan téðra takmarka, sem þessvegna héðan í frá skal vera átölulaus eign Reykjavíkur kaupstaðar, svo og er það leyft, að vegurinn út á Seltjarnarnes megi liggja þar sem hann nú er framvegis, án þess að kaupstaðurinn nokkurn tíma eigi að gjalda fyrir þau afnot af landi Sels.

Þetta sáttatilboð mitt leyfi eg mér að mælast til, að herra bæjarfógetinn vilji bera upp á næsta bæjarstjórnarfundi undir samþykki bæjarstjórnarinnar og verði það þar samþykkt þá vil eg það sje á síðan ítarlega staðfest af beggja málsparta hálfu fyrir sáttanefnd Reykjavíkur og sáttin þá innfærð í gjörðabók sáttanefndarinnar.

Bráðræði d. 4. oktober 1887.

Virðingarfyllst
Jón Magnússon

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hannes Hafstein,
settur dómari í neðannefndri sök,

Gjörir kunnugt, að bæjarstjórn Reykja-
víkurkaupstaðar hefur skýrt mjer frá,
að hún eptir árangurslausa sáttatilraun
sjái sig knúða til, að hefja mál gegn
eigendum jarðarinnar Sels og Bráð-
ræðis við Reykjavík út af landamerkj-
um millum nefndrar jarðar og Reykja-
víkurbæjar, og mun bæjarstjórn Reykja-
víkur krefjast, þess fyrir rjettinum,
að sjer verði dæmt allt land utan
garða þeirra, sem lykja um Selstún
og enn fremur sá hluti Bráðræðistúns,
sem Magnús Jónsson sjálfseignar-
bóndi hefur grætt út og aukið það, sem,
síðan hann keypti það.

Fyrir því stefni jeg hjer með, með
því sumir eigendur Sels eru fjarver-
andi, eigendum og ábúendum Sels
og Bráðræðis: Jóni Magnússyni á
Bráðræði, Kristni Ólafssyni á Mel-
stað, og bændunum Sveini Ingi-
mundarsyni og Magnúsi Vigfússyni
á Stóra-Seli og Ívari Jónatanssyni
á Litla-Seli til þess að mæta fyrir

Nr 1 framlagt fyrir aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar ... 18..
H. Hafstein
settr

No 3

aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar
á bæjarþingsstofunni, laugardaginn 12. dag þ.m. kl. 4 e.m.
til þess þar og þá, að heyra nefnda
í dóm 8 menn, og af þeim tvo nefnda
úr af sóknaraðila, og sjálfir að kjósa
frá aðra tvo, og síðan að gæta rjettar
síns, er málið kemur til dóms.

Lögdagur er úr lögum numinn
með tilskipun 3. dag júnímánaðar
1796.

Undir minni hendi og innsigli
Reykjavíkur-kaupstaðar.

Reykjavík, 4. nóv. 1887

Hannes Hafstein
settur

Gjald 41.
fjörutíu og einn
eyrir

Borgað H. Hafstein
ritt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1887 laugardaginn hinn 5 nóvembermánaðar, höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík, birt framanritaða stefnu

1° Jóni bónda Magnússyni persónulega á heimili hans Bráðræði hjer í umdæmi bæjarins,

2. Kristni Ólafssyni persónulega á heimili hans Melstað hjer í umdæmi bæjarins,

3. Sveini Ingimundarsyni persónulega á heimili hans Stóraseli hjer í bænum,

4. Magnúsi Vigfússyni persónulega á heimili hans Miðseli hjer í bænum, og

5. Ívari Jónatanssyni persónulega á heimili hans Litlaseli hjer í ~~umdæmi~~ kaupstaðarins

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum

Borgun 5 Kr.
Fimm Krónur
J.B. J.P.

Jón Borgfirðingur.

J. Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur